

Alþingi  
b/t allsherjarnefndar  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2005  
Tilv. 2005020117/0.2


### Efni: Umsögn ÁTVR um 46. mál

Vísað er til bréfs hv. allsherjarnefndar Alþingis dags. 4. febrúar 2005.

Að mati ÁTVR er framleiðsla áfengra drykkja til einkanota mál, sem fyrst og fremst þarf að meta með tilliti til áfengislaga og laga um gjald af áfengi og tóbaki nr. 96/1995. Ekki er líklegt að framkomið frumvarp snerti hagsmuni ÁTVR svo neinu nemi.

ÁTVR bendir á að orðið vín hefur ekki fast skilgreinda merkingu í íslensku máli sbr. víndrykkja, vínmaður. Vafaatriðum um hvað telja skuli til vína mun að líkindum fækka yrði tilgreint til hvaða vöruflokka skv. tollskrá framleiðsluheimild tæki. Jafnframt bendir ÁTVR á að framleiðsluheimild skv. áfengislögum undanþiggur vöru ekki gjöldum skv. lögum nr. 96/1995. Innheimta áfengisgjalda kynni að verða erfið, sé ekki gert ráð fyrir leyfisveitingu eða einhvers konar skráningu á framleiðendum.

Virðingarfyllst,  
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins



Höskuldur Jónsson  
forstjóri